

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Endurskoðun á deiliskipulagi hafnarsvæðisins í Krossanesi.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 8. apríl 2008 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt ofangreint deiliskipulag.

Endurskoðun deiliskipulagsins felst í að skipulagssvæðið stækkar og lóðum er fjölgað úr 6 í 10. Gert er ráð fyrir nýjum lóðum (fyrir asfaltbirgðastöð og fóðuriðnað) ásamt tveimur lóðum fyrir almennt athafnasvæði hafnarinnar. Gert er ráð fyrir uppfyllingu Jötunheimavíkur. Starfsemi síldarverksmiðju/loðnubræðslu er hætt og heimilt er að fjarlægja núverandi mannvirki á lóðinni og í stað þeirrar starfsemi er gert ráð fyrir aflþynnuverksmiðju.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldra deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarstjórn 5. september 2000.

F.h. skipulagsstjóra Akureyrarkaupstaðar, 23. apríl 2008,

Anna Bragadóttir, fulltrúi skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 9. maí 2008